

„SÖKUM ÞESS ÉG ER KONA“

Víg Kjartans Ólafssonar og upphaf leikritunar íslenskra kvenna

I

Íslensk leikritun á sér rætur í svokallaðri „herranótt“, leikjum skólapilta í Skálholti sem rekja má til fyrri hluta 18. aldar. Þetta voru gamanleikir sem skólapiltar settu á svið og höfðu ýmist samið sjálfir eða látið semja fyrir sig. Hámarki náðu skólapiltaleikirnir með *Útilegumönnunum* eftir Matthías Jochumsson sem sýndir voru í Reykjavíkurskóla árið 1862 og *Nýársnóttinni* eftir Indriða Einarsson sem sýnd var í sama skóla árið 1871. Bæði voru leikritin skömmu síðar gefin út á prenti, og teljast enn til þjóðarbókmennta Íslendinga.¹

Konur voru útilokaðar frá skólum. Þær tóku því hvorki þátt í skólapiltaleikjum né þeirri þróun íslenskrar leikritunar sem átti sér upptök í þeim. Engar heimildir eru heldur til um leikrit eftir íslenskar konur fyrr en frá lokum 19. aldar. Elsta leikritið sem vitað er um að íslensk kona hafi samið er „Víg Kjartans Ólafssonar“ eftir Júlíönu Jónsdóttur (1838–1917), og var það sviðsett í Stykkishólmi veturinn 1878–1879. Frá svipuðum tíma, en líklega heldur yngra, er leikrit eftir Sigríði Bogadóttur (1818–1903) biskupsfrú. Um það segir Þorvaldur Thoroddsen, tengdasonur Sigríðar, í ævisögu eiginmanns hennar, Péturs Péturssonar biskups, frá 1908: „Frú Sigríður var vel hagamælt, en tók lítið á

¹ Um upphaf íslenskrar leikritunar og þróun hennar fram til loka 19. aldar, sjá Steingrímur J. Þorsteinsson, *Upphaf leikritunar á Íslandi*. Um séra Matthías, Indriða og skólapiltaleikina, sjá Sveinn Einarsson, *Íslensk leiklist* I, bls. 279–322.

því, hún skrifaði þó langt leikrit með siðferðislegri stefnu og eru í því mörg kvæði; leikrit þetta er enn til.“²

Þessi orð voru til skamms tíma eina heimildin um leikrit Sigríðar sem talið var glatað. Lúðvík Kristjánsson víkur að leikriti Sigríðar í grein um Júlíönu Jónsdóttur og vitnar þar til ummæla Lárusar Sigurbjörns-sonar sem hafi „fullyrt að þær konur, sem fyrstar hefðu samið sitt hvort leikritið, væru báðar breiðfirzkar.“ Hafi Lárus talið leikrit Sigríðar eldra, en ekki vitað „hvar það var niður komið“.³ Þá minnst Sveinn Einarsson á leikrit Sigríðar í leiklistarsögu sinni, telur það jafnvel eldra en leikrit Júlíönu, en segir að það hafi ekki komið í leitirnar.⁴ Þetta leikrit hefur þó lengi verið á vísun stað, í safni Þóru og Þorvalds Thoroddsen á Þjóðminjasafni Íslands. Það heitir „Gleðilegur afmælisdagur“, gerist í Reykjavík samtímans og fjallar um kjör kvenna og drykkjuskap karla. Ýmislegt í leikritinu bendir til að það sé yngra en leikrit Júlíönu, samið einhvern tímann á árunum 1880–90. Í því koma fyrir eldspýtur sem ekki urðu algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar, og einnig vesturfari sem snýr aftur eftir tíu ára dvöl í Kanada. Þá má benda á bindindisumræðuna sem var mjög á döfinni í Reykjavík um það leyti sem Góðtemplarareglan var þar stofnuð 1885, en með henni „færðist nýtt líf í leiklistarstarfsemi höfuðstaðarins“ sem varð almennari „og ekki eins bundin við menntamenn og áður“.⁵

Árið 1892 sýndi „Leikfélagið í Goodtemplarahúsinu“ nýtt íslenskt leikrit sem þannig var auglýst í *Ísafold* 19. mars, undir fyrirsögninni „Sjónleikir“: „Þann 20. þ.m. verður að öllu forfallalaus leikið: Brúðkaupsbaslið og Olbogabarnið, frumsamið íslenskt leikrit í þrem þáttum, eptir frú Margrjeti Hjaltalín. Verður að eins leikið í þrjú skipti.“

Þetta er þriðja elsta leikritið sem vitað er um eftir íslenska konu. Höfundurinn, Margrét Guðrún Hjaltalín (1833–1903), sem notaði þó vanalega

2 Þorvaldur Thoroddsen, *Æfisaga Pjeturs Pjeturssonar*, bls. 276.

3 Lúðvík Kristjánsson, „Stúlka“ og höfundur hennar,“ *Vestræna*, bls. 223.

4 Sveinn Einarsson, *Íslensk leiklist* I, bls. 338. Sjá einnig Ásgeir Ásgeirsson, *Saga Stykkishólms* II, bls. 419, en þar segir að leikverk Sigríðar virðist hvorki „hafa verið leikið né varðveist í handriti“.

5 Sbr. Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur* I, bls. 169.

aðeins síðara skírnarnafn sitt, var eiginkona Jóns Hjaltalín, skólastjóra á Möðruvöllum. Þannig tengist verk hennar á vissan hátt skólalítaleikjunum, en mikil leiklistarstarfssemi var við Möðruvallaskóla á þessum tíma. Sveinn Einarsson telur að leikritið hafi verið frumflutt á Möðruvöllum og vitnar um það til bréfs frá Stefáni Stephensen til Þorvalds Thoroddsen, dagsett á Akureyri 1. febrúar 1891, þar sem segir: „Guðrún Hjaltalín hefur samið Comedíu, þarí leikur Sigga fullorðna stúlku, hún er sjálf mikið hrifin af sínu pródugti.“⁶ Um sýningu „Olbogabarnsins“ í Goodtemplara-húsinu er fjallað í *Ísafold* 16. apríl 1892, og er það fyrsti leikdómurinn um leikrit eftir íslenska konu, þótt nafns hennar sé ekki getið. Þar segir:

Nýtt rit hafði fjelagið með höndum síðustu kvöldin, *Olbogabarnið*, þjóðsöguæfintýrið um Mjaðveigu Mánadóttur, með gullskóinn, eða rjettara sagt enska útgáfu á því – það er margra þjóða eign – snúið í leikrit, sem er látið fara fram hjer á landi, með indverskum prinzi og íslenskum vinnumanni, sem hann gjörir að grænlenzkum konsúl (!), í umbunar skyni fyrir það, að vinnumaðurinn er svo veglyndur að sleppa við hann unnustu sinni, olbogabarninu úr öskustónni; – með danzi og talsverðum gáska, sem börn hlæja að og fullorðnir líka sumstaðar – það var dável sótt –, en er ósköp lítið í varið að öðru leyti.

Þá finnst leikdómara að réttast hefði verið að strika yfir eða stytta til muna alvörukaflana í leikritinu, t.d. „álfkonu-þjedikunarþuluna“, því að gáski og glens ættu best við „eðli ritsins: ólíkindin og mergleysið“.⁷ Lárus Sigurbjörnsson segir í leikritaskrá sinni að leikritið sé „stæling á ‘Cinderella’ eftir Farmer og Leigh“.⁸ Sveinn Einarsson telur það „íslenska staðfærslu á enskri útgáfu á Öskubuskupemanu“ og er á báðum áttum um hvort eigi að telja það frumsamið eða þýtt. Hann viðurkennir þó framlag höfundar til sögu íslenskrar leikritunar og segir: „Hversu mikið Guðrún á í

6 Sveinn Einarsson, *Íslensk leiklist* II, bls. 222.

7 „Sjónleikirnir. VIII,“ *Ísafold* 16. apríl 1892, bls. 122. Greinin er nafnlaus, en er sennilega eftir ritstjóran, Björn Jónsson. Upphröpunarmerkið við grænlenzka konsúlinn er leikdómarans.

8 Lárus Sigurbjörnsson, „Íslensk leikrit 1645–1946,“ bls. 74. Ekki hefur tekist að hafa uppi á leikriti Margrétar Guðrúnar Hjaltalín, en skv. upplýsingum frá Láru Ágústu Ólafsdóttur, skjalaverði á Héraðsskjalasafninu á Akureyri, tók Ungmennafélagið Ársól í Öngulsstaðahreppi það til sýningar um 1929. Að öðru leyti er ekki vitað um feril þess eða varðveislu.

Þessum leik um olnbogabarnið skal ósagt látið, en hún verður þó í krafti þess að teljast í hópi fyrstu kvenna íslenskra, sem leitast við að skrifa fyrir leiksvið.“ Einnig telur hann til nýlundu að leikritið hafi skorið sig úr „danska fjöldanum“,⁹ en á þessum tíma var mikið leikið í Reykjavík af dönskum leikritum, þýddum eða óþýddum.

Fyrsta leikritið sem kom út á prenti eftir íslenska konu er *Sálin hans Jóns míns*, eða *Jón* (eins og það heitir á titilblaði), eftir Hólmfríði Sharpe (1858–1898), samið vestanhafs en gefið út í Reykjavík árið 1897. Hólmfríður fluttist fimmtán ára vestur um haf, til Milwaukee í Bandaríkjunum, og þar fer leikritið fram meðal íslenskra landnema, nánar tiltekið „í stofu Eiríks Anderssons“ árið 1892.¹⁰ Matthías Jochumsson kynntist Hólmfríði á ferðum sínum vestanhafs og skrifar um hana eftirmæli í kvennablaðið *Framsókn*, undirrituð M.J. Þar segir hann að hún hafi verið „skáldkona og prýðisvel ritfær“ og bætir við í sviga: „(á ensku)“.¹¹ Það er eins og hann geti ekki skrifað undir að hún hafi verið vel ritfær á íslensku! Hann nefnir heldur ekki leikritið sem þó var nýkomið út og hefur honum ef til vill ekki líkað málfarið á því, vestur-íslenska talmálið sem höfundur leggur persónum sínum svo skemmtilega í munn, og hafði ekki verið gert fyrir.

Þessi fjögur leikrit sem vitað er um að íslenskar konur hafi samið á 19. öld bera öll með sér nýmæli, hvert á sinn hátt. Leikrit Sigríðar er fyrsta Reykjavíkurleikritið sem því nafni má nefna, en íslensku skólapiltaleikirnir gerast allir í sveit, að fáeinum styttri tilraunum undanteknum. Leikrit Guðrúnar brýtur hefð með því að sækja efnivið til útlendra ævintýra, þar sem leikir þeirra Matthíasar og Indriða byggðu á íslenskum þjóðsagnaminnnum. Leikrit Hólmfríðar er fyrsta leikritið sem birtist á prenti eftir íslenska konu, og einnig fyrsta leikritið sem kemur út eftir vestur-íslenskan höfund yfirleitt. Í því sviðsetur hún vestur-íslenskan samtíma og er þar langt á undan sínum tíma. Leikrit Júlíönu er ekki aðeins fyrsta leikritið sem vitað er til að íslensk kona hafi samið. Það er einnig sorgarleikur, þar

9 Sveinn Einarsson, *Íslensk leiklist* II, bls. 161.

10 Hólmfríður Sharpe, *Sálin hans Jóns míns*, bls. 4.

11 Matthías Jochumsson, „Fríða Sharpe,“ *Kvennablaðið Framsókn* 5/1900, bls. 17.

sem skólapiltaleikir voru gamanleikir, og fyrsta leikgerð íslenskrar forn-sögu á íslensku. Í öllum þessum leikritum eru konur aðalpersónur.

II

Júlíana Jónsdóttir er fædd 27. mars 1838 á Búrfelli í Hálsasveit í Borgarfirði, óskilgetin dóttir einstæðrar móður. Hún fór snemma að vinna fyrir sér á bæjum vestanlands, en fluttist rúmlega tvítug í Akureyjar á Breiðafirði og var þar vinnukona í fjórtán ár. Þjóðhátíðarárið 1874 fluttist hún til Stykkishólms þar sem hún átti heima í tæp tíu ár. Stykkishólmur var þá miðstöð menningar á Vesturlandi og tók Júlíana virkan þátt í menningarlífi staðarins, m.a. öflugri leiklistarstarfsemi. Árið 1876 gaf hún út ljóðabókina *Stúlka*, sem var prentuð á Akureyri, og varð þar með fyrsta konan sem gefur út skáldrit á Íslandi. Þrátt fyrir það vakti bókina litla athygli og var hennar hvergi getið í blöðum. Skömmu síðar samdi Júlíana leikritið „Víg Kjartans Ólafssonar“ um efni úr *Laxdælu*, og brýtur þar með blað í sögu íslenskrar leikritunar. Var leikritið sett á svið veturinn 1878–1879 og lék Júlíana sjálf aðalhlutverkið, Guðrúnu Ósvífursdóttur. Var þá aðeins aldarfjórðungur liðinn frá því íslenskar konur komu fyrst fram á sviði í leikriti á íslensku.¹² Þótt Júlíönu hafi vegnað vel í Stykkishólmi var hann aðeins viðkomustaður hennar á leið til Vesturheims, en þangað fór hún alfarin, líklega árið 1886, eftir stutta dvöl í Reykjavík. Hafði hún þá beðið eftir fari í meir en áratug.

Í Vesturheimi var Júlíana fyrst í Norður-Dakota og Winnipeg en fluttist þaðan til vesturstrandarinnar. Þar bjó hún á ýmsum stöðum nálægt Seattle, m.a. í þorpinu Manchester, þar sem hún reisti sér bjálkakofa. Lífið í nýja heiminum reyndist henni erfitt, hún samlagaðist illa vestur-íslenska samfélaginu og þjáðist af heimþrá. Síðustu ár ævinnar bjó hún á heimili íslenskra hjóna í landamærabænum Blaine og þar lést hún 12. júní 1917. Hún er grafin í Blaine og er leiði hennar ómerkt. Önnur ljóðabók

12 Var það í sýningu á leikritinu *Pak* (eða *Skrill*) eftir Thomas Overskou sem Jón Guðmundsson ritsgjafi stóð fyrir í Reykjavík veturinn 1853–54 og er fyrsta opinbera leiksýningin á Íslandi. Um þetta segir Sveinn Einarsson: „konur tóku þátt í leiknum og léku nú í fyrsta skipti á íslensku, þeirra á meðal Hólmfríður, kona Jóns.“ Sjá *Íslensk leiklist* I, bls. 237.

Júlíönu, *Hagalagðar*, kom út í Winnipeg 1916, ári áður en hún lést, og er fyrsta skáldverk eftir íslenska konu sem kemur út á bók vestanhafs.¹³

Helstu menningarfrömuðir í Stykkishólmi á tímum Júlíönu þar voru þeir feðgar Árni og Ólafur Thorlacius, en Ólafur var mjög jafnaldra Júlíönu, fæddur 1837.¹⁴ Virðist Júlíana hafa verið í góðu samstarfi við þá og er talið að Árni hafi styrkt útkomu ljóðabókar hennar, *Stúlka*.¹⁵ Í aðsendri grein sem birtist í *Djóðólfi* 25. júní 1879, og er undirrituð af „Leikanda“, er sagt frá fyrstu leiksýningum í Stykkishólmi veturinn 1876-77 og stofnun „sjónarleikafélags“ þar árið eftir, og er augljóst að Ólafur hefur komið þar mjög við sögu. Í upphafi var stofnað til sýninga til ágóða fyrir kirkjubyggingu á staðnum, og var verslunarmanni „O. Thorlacius“ og bókbindara „G. Guðmundssyni“ falið „að undirbúa allt sem þar að lyti“, og eru síðustu orðin skáletruð til áherslu. Áður en langt um leið voru þeir búnir „að útvega hús til að leika í, og svo annað sem með þurfti“. Ekki er tekið fram hvaða hús það var og er ekki vitað hvar sýningar fóru fram. Fyrsta veturinn var leikið í tíu kvöld, „Hrólfur“ eftir Sigurð Pétursson og „Ásmundur æðikollur“ eftir Holberg. Lítið var lagt í kostnað, notast var við einföld stofutjöld og voru búningar ófullkomnir. Næsta vetur voru sextán sýningar, m.a. „Útilegumennirnir“ eftir Matthías og leikrit eftir Molière. Nú var lagt meira í kostnað og ekkert til sparað. Tjöldin máluðu þeir G. Guðmundsson bókbindari og Páll Jónasson skósmiður, „og luku allir upp einum munnri um það, að þeim hefði tekizt það furðanlega vel.“ Reynt var að hafa búninga og „liti“ (Sminke) sem fullkomnasta. Er „þeim hjónum herra V. Clausen og hans frú“ sérstaklega þakkað fyrir aðstoð, en þau voru einnig á æfingum til þess að „leiðbeina leikendum með ýmsa tilburði, sem nauðsynlegir voru“.¹⁶ Veturinn 1878-79 var einnig leikið í sextán kvöld, „Skugga-

13 Ég þakka séra Birni Jónssyni, fyrrum prófasti á Akranesi, fyrir þessa ábendingu. Um Júlíönu, ævi hennar og skáldskap, sjá Guðrún P. Helgadóttir, *Brautryðjandinn. Júlíana Jónsdóttir skáldkona*; einnig grein Helgu Kress, „Kona og skáld“, í *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*, bls. 13-17, 54-55 og 107-114.

14 Um ágæta lýsingu á menningarlífinu í Stykkishólmi á síðari hluta 19. aldar, sjá Ásgeir Ásgeirsson, *Saga Stykkishólms* II, einkum bls. 393-436.

15 Lúðvík Kristjánsson, „Stúlka“ og höfundur hennar,“ bls. 216.

16 „Þess verður getið sem gjört er,“ *Djóðólfur* 25. júní 1879, bls. 67. Greinin er dagsett í

sveinn“ eftir Matthías og leikrit eftir Molière, en einnig „Víg Kjartans Ólafssonar, sorgarl. í 1 þætti“. Ekki er getið um höfund þess leikrits.

Auk þess að vera gott yfirlit yfir starfsemi leikfélagsins á fyrstu árum þess er greinin eins konar varnarskjál fyrir leikstarfsemi í Stykkishólmi sem virðist hafa orðið fyrir gagnrýni, einkum vegna kostnaðar við uppfærslur og greiðslur til leikenda. Fram kemur að fyrsta veturinn hafi hver leikandi fengið fimm krónur alls, en þó hafi ágóðinn til kirkjunnar verið 108 krónur, næsta vetur fékk hver leikandi eina krónu fyrir hverja sýningu og þriðja veturinn 67 aura fyrir sýningu.¹⁷ Ekki kemur fram hverjir léku í þessum sýningum en samkvæmt öðrum heimildum hefur Júlíana leikið í tveimur þeirra veturinn 1878–79, Grasa–Guðdu í *Skuggasveini* og Guðrúnu Ósvífursdóttur í sínu eigin verki.¹⁸ Í lok greinarinnar segir að tilgangur félagsins hafi að mestu leyti verið sá „að skemmta mönnum um þann tíma, sem dauflegast er hjá oss hér á landi, en alls ekki sá að græða peninga.“ Sjálfur segist greinarhöfundur unna þessari fögru list „og þar eð vér Íslendingar höfum hingað til farið [...] nær alveg á mis við þess konar skemtaniir, sem bæði eru skemtandi og fræðandi, ef menn kynnu að meta þær rétt, þá vildi eg, að svo miklu leyti sem í mínu valdi stóð, stuðla af alefli til þess fyrirtækis, sem meðal allra mentaðra þjóða er álitid ómissandi.“ Um leið og hann þakkar þeim sem hafa stutt starfsemina boðar hann hlé á henni og segist óska þess og vona að þegar næst verði leikið muni „sumir hverjir [...] þá búnir að fá aðrar hugmyndir, hvað sjónarleiki snertir.“

III

„Víg Kjartans Ólafssonar“ hefur aðeins varðveist í einu handriti, Lbs 1784 4to á Landsbókasafni Íslands, og er því þannig lýst í handritaskrá: „Bók með kvæðum og leikritum m.h. Ólafs Thorlaciuss í Stykkishólmi.“

Stykkishólmi 6. mars 1879, undirrituð „Leikandi“. Í *Þjóðólfi* árið áður, eða 6. febrúar 1878, er á bls. 26 fjallað um leikárið 1877–78 á Íslandi undir fyrirsögninni „Sjónarleikir“ og sagt: „Í Stykkishólmi er aptur í vetur leikið með miklu fjöri og dugnaði, að því sem sagt er og skrifað, fyrir ötula forgöngu herra Ólafs Thorlaciuss og ýmsra dugandi manna, sem þar að styðja.“

17 Til viðmiðunar má geta þess að *Nokkur ljóðmæli* eftir Guðbjörgu Árnadóttur, sem komu út 1879, kostuðu 50 aura.

18 Stefán Jónsson, „Um leikstarfsemi í Stykkishólmi,“ *Leikhúsmál* 4/1941, bls. 7. Greinin er reyndar mjög ónákvæm og m.a. rangt farið þar með ártöl.

Er bókin talin skrifuð „ca. 1905–1906“. Meðal leikrita er þar nefnt „Víg Kjartans Ólafssonar. Sorgarleikr í 1 þætti samantekinn af Júlíönu Jónsdóttir (!) skáldkonu.“¹⁹ Hér hefur skrásetjari sett upphrópunarmerki í sviga aftan við nafn Júlíönu, svo fráleitt þykir honum að kona geti verið höfundur að leikriti. Í skrá yfir leikritshandrit í vörslu safnsins er Ólafur Thorlacius sagður höfundur að „Vígi Kjartans Ólafssonar“, og hefur þar nafn Júlíönu alveg verið þurrkað burt.²⁰

Í handritinu eru sjö leikrit og er leikrit Júlíönu sett fremst með svohljóðandi fyrirsögn: „Víg Kjartans Ólafssonar. Sorgarleikr í 1 þætti samantekinn af Júlíönu Jónsdóttir skáldkonu. ‘Viðburðr úr Laxdæla sögu’.“ Er orðið „skáldkona“ með minna letri og hefur því verið bætt við á spássíu síðar. Leikritin sem á eftir koma eru öll eftir Ólaf Thorlacius, flest sorgaræða harmleikir í einum þætti og „viðburðir“ úr Íslendingasögum. Þau eru „Gunnlaugur og Rafn“, „Víg Gísla Súrssonar“, „Víg Þráins Sigfússonar“, „Víg Höskulds Hvítanesgoða“ og loks „Bergþóra Skarphéðinsdóttir og Hallgerður Höskuldsdóttir“, ekki auðkennt sem sorgarleikur. Fjögur síðastnefndu leikritin eru ársett 1905 og 1906 og er engu líkara en Ólafur hafi samið þau um leið og hann skrifaði þau í bókina, meir en aldarfjórðungi eftir að Júlíana samdi leikrit sitt. Ekkert ártal er við „Gunnlaugur og Rafn“. Lárus Sigurbjörnsson segir í leikritaskrá sinni að leikritið hafi verið sýnt í Stykkishólmi 1879–80,²¹ þ.e. ári síðar en leikrit Júlíönu, enda ekki nefnt í Þjóðólfsgreininni þar sem sagt er frá sýningum í Stykkishólmi fram til vors 1879. Það er einnig í augljósum tengslum við leikrit Júlíönu, samið fyrir áhrif frá því og ef til vill hugsað sem eins konar framhald þess, en í því er Helga fagra látin rifja upp efniságrip fyrra leikritsins og bera örlög sín saman við örlög Guðrúnar Ósvífursdóttur.

Eitt verk Ólafs Thorlacius sker sig úr öðrum í handritinu, „Starkaðr gamli og Ingjaldr konungr. Leikr í 1. þætti. Viðburðr úr sögu Starkaðar, samantekinn af Ólafi Thorlacius veturinn 1876–77 og leikinn í Stykkishólmi sama vetur.“ Engin önnur heimild er fyrir því að verkið hafi verið

19 *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins I*, bls. 597.

20 *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins III*, bls. 430.

21 Lárus Sigurbjörnsson, „Íslensk leikrit 1645–1946“, bls. 87.

sýnt í Stykkishólmi þennan vetur. Það er ekki nefnt í Þjóðólfsgreininni, sem er þó samtímaheimild, en kann þar fyrir að hafa verið flutt í heimahúsi. Einnig er verkið varla „leikur“, heldur eins konar sýning sem minnir á „lifandi myndir“ Sigurðar Guðmundssonar málara.²² Efnid er ekki tekið úr íslenskri fornsögu, heldur úr sögu frá 18. öld, sem ýmist er eignuð Snorra Björnssyni (1710–1803) á Húsafelli eða Halldóri sýslumanni Jakobssyni (1735–1810), og er íslensk endurritun eða þýðing á kafla í Danasögu Saxa. Slíkar endurritanir eldri sagna, oftast erlendra, voru mjög algengar og eru til í mörgum afskriftum frá 18. og 19. öld, þar á meðal nokkrar byggðar á stytum dönskum þýðingum á Danasögu Saxa. Einna vinsælust þeirra var *Sagan af Starkaði hinum gamla* og er hún til í meir en þrjátíu sögubókarhandritum.²³ Eitt af þeim mörgum sem varðveist hafa á Landsbókasafni Íslands er merkt „Thorlacius“ og hefur það annaðhvort verið í eigu Árna eða Ólafs, en báðir söfnuðu þeir handritum. Á lausum miða sem fylgir bókinni segir: „Halldór sýslumaður Jakobsson hefir saman lesið Starkaðar sögu gamla úr fornritum.“²⁴

Fyrirmynd Ólafs er 15. kafli sögunnar sem hann þræðir nákvæmlega. Leikurinn er mjög stuttur, aðeins fjórtán blaðsíður í handriti, og af þeim er rúmur helmingur kvæði sem Starkaður gamli skáld er látinn flytja og eru tekin óbreytt úr sögunni.²⁵ Þótt hæpið sé að kalla þetta verk leikrit og það sé einnig svo augljóslega ekki runnið frá íslenskri fornsögu, hefur hver fræðimaðurinn á fætur öðrum tilnefnt Ólaf sem frumkvöðul íslenskrar leikritunar hvað varðar efnisval úr íslenskum fornsögum. Þannig segir Sveinn Einarsson í leiklistarsögu sinni að Ólafur muni „fyrsti leikhöfundurinn“ sem leitar „gagngert fanga í hinum þekktustu Íslend-

22 Um Sigurð Guðmundsson málara og „lifandi myndir“ hans, sjá Sveinn Einarsson, *Íslensk leiklist I*, bls. 247–251.

23 Um þessar sögur, sjá Matthew James Driscoll, *The Unwashed Children of Eve. The Production, Dissemination and Reception of Popular Literature in Post-Reformation Iceland*. Um „Starkaðar sögu“ sérstaklega, sjá bls. 8.

24 Í öðru handriti, nokkuð samhljóða, Lbs 955 8vo, er vinnubrögðunum svo lýst á titilblaði: „Sagan af Starkaði gamla. Samanlesin og utdregin með mikilre kostgæfne ur ymsum bokum og antiqvitætum af HJS [...] 1807.“ Sagan hefur aðeins einu sinni verið gefin út á prenti, í einni af sínum lengstu gerðum. Sjá *Sagan af Starkaði Stórvirkssyni*.

25 Kvæðin eru talin vera eftir Gunnar Pálsson (1714–91) og sennilega eldri en sagan. Sjá Matthew James Driscoll, *The Unwashed Children of Eve*, bls. 8.

ingasögum“.²⁶ Byggir hann þá ályktun á leikritinu „Gunnlaugur og Rafn“ sem samið var ári síðar en leikrit Júlíönu og verkinu um Starkað úr þýddri sögu frá 18. öld. Hann fer reyndar einnig rangt með þar sem hann segir að leikrit Júlíönu muni hafa verið leikið í Stykkishólmi 1879–80,²⁷ en samkvæmt þeirri samtímaheimild sem áður hefur verið vitnað til var það leikið þar veturinn 1878–79. Í *Íslenskri bókmenntasögu* III er sagt frá Júlíönu Jónsdóttur sem „varð líklega fyrst kvenna til þess að semja leikrit á Íslandi og jafnframt einna fyrst til þess að sækja sér efni í fornsögu, en eina leikrit hennar, *Víg Kjartans Ólafssonar*, er ‘sorgarleikur’ í einum þætti.“ Í beinu framhaldi af því er sagt frá Ólafi Thorlacius sem „samdi a.m.k. sex stutt leikrit sem öll voru um efni úr fornsögunum og er hann frumkvöðull í því efnisvali.“²⁸ Í kaflanum „Bókiðja og skáldskapur“ í *Sögu Stykkishólms* II, en hann fjallar að miklu leyti um Júlíönu Jónsdóttur, segir að „Starkaður gamli og Ingjaldur konungur“ eftir Ólaf Thorlacius sé „fyrsta leikverk sem samið er á Íslandi úr efnivið forn-sagna“. Hafi slíkur „samruni fornþókmennta og leikþókmennta“ síðan orðið sérgrein Ólafs í leikþáttagerð og hafi hann samið einþáttunga „þar sem sviðsettir voru viðburðir úr Gunnlaugs sögu, Gísla sögu og Njáls sögu.“ Í beinu framhaldi af þessu segir: „Skáldkonan Júlíana Jónsdóttir setti einnig saman leikþátt úr efnivið Íslendingasagna.“²⁹ Og er það tekið til vitnisburðar um merkilegt menningarstarf kvenna í Hólminum. Í lok kaflans er leikþáttur Júlíönu nefndur á nafn og sagður „í líkum anda og leikþættir Ólafs Thorlaciusar“.³⁰ Hér er málum snúið á haus. Ýmislegt í þeim ummælum sem vitnað hefur verið til sýnir tregðu til að viðurkenna konur sem frumkvöðla. Konur geta að vísu verið fyrstar kvenna, en ekki fyrstar manna. Þar hlýtur að koma karlmaður til.

Með leikriti sínu ryður Júlíana braut, ekki aðeins leikritum Ólafs Thorlacius, heldur einnig ýmissa þekktari skálda, eins og Matthíasar

26 Sveinn Einarsson, *Íslensk leiklist* I, bls. 337.

27 Sama, bls. 338.

28 *Íslensk bókmenntasaga* III, bls. 630. Höfundur kaflans um íslenska leikritun frá upplýsingu til fullveldis er Árni Ibsen.

29 Ásgeir Ásgeirsson, *Saga Stykkishólms* II, bls. 413.

30 Sama, bls. 419.

Jochumssonar, en leikrit hans *Helgi hinn magri* var sýnt á Akureyri 1890 og prentað þar sama ár. Indriði Einarsson hafnaði því hins vegar að skrifa leikrit úr Íslendingasögu og segir skemmtilega frá því í endurminningum sínum. Á skólaárum sínum í Reykjavík upp úr 1871, en það ár var *Nýársnóttin* frumsýnd, hafði hann kynnst Sigurði málara sem hann segir að hafi endilega viljað láta sig taka fyrir „einhverja fornsögunna“. Hafi hann fengið sig svo langt að hann „tveimur þremur árum seinna reyndi til við Gísla sögu Súrssonar“. En þótt sagan sé skrifuð eins og hún sé „sorgarleikur eftir Shakespeare [...] þá var það erfitt viðfangsefni fyrir Íslending, sem ekki þorir – eða tæpast vogar – að bæta því inn í samtöl sögunnar, sem þar þarf að vera til að fylla upp, það sem fellur úr.“ Svo alþekktar segir hann að sögurnar séu hér á landi „að hvert spor út af brautinni, sem sagan hefur lagt, verður stórhættulegt fyrir höfundinn og skerðir álitid, sem hann kann annars að hafa.“ Af þessum ástæðum, og öðrum þeim líkum, segist hann aldrei hafa „fengist við að gjöra leikrit úr fornsögum vorum“. Annað mál segir hann vera með Sturlungu. „Hún er saga og samtíningur, en ekki fornsaga og listaverk.“³¹ Og hann stenst ekki mátið og skrifar leikritið *Sverð og bagall* um efni frá Sturlungaöld, og var það bæði leikið og prentað í Reykjavík 1899.

Júlíana þurfti ekki að óttast það, eins og Indriði, að álit hennar myndi skerðast við að semja leikrit úr íslenskri fornsögu, því að það var ekkert fyrir. Ekki þurfti hún heldur að óttast hefð leikgerðanna því að hún var ekki enn orðin til.

IV

Það er ekki tilviljun að fyrsta leikgerð íslenskrar fornsögu sækir sér efni í *Laxdæla sögu*. Sagan gerist við Breiðafjörð og í henni er kona aðalpersóna. Auk þess er sagan mjög leikræn og efni hennar tilvalið í sorgarleik. Eftir þessu höfðu ýmsir tekið áður, t.a.m. danska skáldið Adam Oehlenschläger (1779–1850) sem samdi leikritið *Kiartan og Gudrun*,

³¹ Indriði Einarsson, *Sjæð og lifað*, bls. 116.

sorgarleik í fimm þáttum, sem kom út í Kaupmannahöfn 1848. Hann notar söguna aðeins sem kveikju og bregður út af henni í aðalatriðum. Sögu sviðið er framandi, átökin eru á milli Guðrúnar og Ingibjargar konungsdóttur, og Kjartan fellur fyrir örvum Guðrúnar sem skýtur hann af boga í misgripum fyrir Ingibjörgu.

Fyrstur til að huga að þessu efni í leikrit var ungur stúdent, Lárus Sigurðsson (1808–1832) frá Geitareyjum á Breiðafirði, en hann var byrjaður á sorgarleik um Kjartan Ólafsson þegar hann lést fyrir aldur fram. Um þetta segir Páll Melsteð í endurminningum sínum: „Jónas sagði mér að Lárus væri efni í bezta skáld [...] hann var byrjaður á ‘tragødiu’ um Kjartan Ólafsson, og sá eg þau plögg hjá Jónasi Hallgrímssyni, en hvað um þau hefir orðið veit eg ekki.“³² Þessi drög hafa ekki varðveist, en Lárus Sigurbjörnsson telur að Gísli Thorarensen (1818–1874) kunnir að hafa nýtt sér þau í leikritinu „Bragis Spaadom“ sem hann samdi í Kaupmannahöfn 1840–47.³³ Er það skrifað á dönsku og er í bundnu máli órímuðu. Hefur það hvorki verið leikið né prentað, en er til í eiginhandarriti á Landsbókasafni.³⁴ Benedikt Gröndal kynntist Gísla og leikriti hans á Hafnarárum sínum og segir í *Dægradvöl*: „Gísli Thorarensen var stór og digur, klunnalegur og undarlegur; hann fjekkst og við skáldskap og lagði sig mikið eftir Hejberg og var stundum að heimsækja hann, því hann streittist mikið við að semja sorgarleik um Kjartan og Guðrúnu, náttúrlega á dönsku og var tilgangurinn að koma því á konungl. leikhúsið, en það fórst allt fyrir og vissi jeg lítið um það, nema Gísli las upp fyrir mjer eitthvað úr þessu leikriti, og man jeg ekkert nema um einhvern foss, sem átti að renna upp á móti.“³⁵

Á 19. öld sóttu leikritaskáld á Norðurlöndum mjög til glæstrar forfóðar þjóðar sinnar um efnivið í verk sín. Þannig samdi Oehlenschläger hvert leikritið af öðru með slíku efni, og einnig má nefna leikrit Ibsens, *Hærmændene på Helgeland* (1858) og *Kongsemnerne* (1864). Helsti

32 Páll Melsteð, *Endurminningar Páls Melsteðs ritaðar af honum sjálfum*, bls. 50–51.

33 Lárus Sigurbjörnsson, *Íslensk leikrit 1645–1946*, bls. 86.

34 Lbs 475 4to. Sjá einnig Steingrímur J. Þorsteinsson, „Upphaf leikritunar á Íslandi,“ bls. 61–62.

35 Benedikt Gröndal, *Dægradvöl*, bls. 172.

hvatamaður slíkrar stefnu á Íslandi var Sigurður Guðmundsson (1833–1874) málari sem um 1860 stóð fyrir svokölluðum „lifandi myndum“ í Reykjavík, þöglum sviðsetningum á atburðum úr íslenskum forn-sögum. Einnig hvatti hann unga höfunda til að semja leikrit úr forn-sögunum, að vísu með litlum árangri. Fjórum árum eftir lát hans birtist í *Djóðólfi* 24. janúar 1878 grein með fyrirsögninni „Sjónarleikir“. Fjallar hún um leiklistarstarfsemi í Reykjavík sem virðist með daufara móti og skort á íslenskum leikritum. Í greininni er vitnað til Sigurðar málara sem „studdi mest og bezt sjónarleiki, bæði með sinni eiginlegu mennt, og eins með áhuga sínum að reyna til að stofna hér innlenda íþrótt,“ en í því efni hafi hann staðið „því nær einn“. Síðan segir:

Hans fullur vilji var, að leikir færi fram á hverjum vetri [...] enda vonaði hann, að með því móti (– kannske með því eina móti –) mætti vekja upp hjá þjóð vorri *löngu horfinn smekk og löngu horfna sjálfstílfíning*, er innlend skáld spryttu upp og innlendir íþróttamenn til að yngja upp fornöld vora gegnum list þessa. [...] Þó þorum vér að segja, að ekki vantar oss til þess gáfumenn, fremur en sögu eða yrkisefni, heldur vantar til þess aðra krapta, og ef til vill hvað mest einstaka skörunga, sem leggja vildu allt sitt fram þess að brjóta ísinn; því allt stórt í heiminum er í fyrstunni unnið af einstökum mönnum.³⁶

Þessi áskorun kann að hafa haft áhrif á Júlíönu og hvatt hana til að semja leikrit úr íslenskri fornsögu fyrir leikfélagið í Stykkishólmi. Það leið heldur ekki ár þar til „Víg Kjartans Ólafssonar“ var komið á fjalirnar. Það er ósennilegt að Júlíana hafi vitað um Laxdæluleikrit þeirra Lárusar Sigurðssonar og Gísla Thorarensen. Leikrit Oehlenschlägers kann að hafa verið til í bókasafni þeirra Thorlacius-feðga í Stykkishólmi, sem Júlíana hefur haft aðgang að, og örugglega *Ríma af Kjartani Ólafssyni* eftir Símon Dalaskáld sem kom út á prenti 1871. Þessi verk eiga hins vegar lítið sameiginlegt með leikriti Júlíönu annað en efnið.

Árið 1869 kom út í London ljóðabálkurinn *The Lovers of Gudrun* eftir breska skáldið William Morris (1834–1896).³⁷ Efnið er úr *Laxdælu*

36 „Sjónarleikir,“ *Djóðólfi* 24. janúar 1878, bls. 21–22.

37 Ljóðabálkurinn er síðasti hluti þriðju bókar *The Earthly Paradise*. Sjá William Morris,

sem Morris var byrjaður að þýða á ensku með aðstoð Eiríks Magnússonar, bókavardar í Cambridge, en hætti við, þar sem honum fannst sagan ekki nógu góð. Í staðinn ákvað hann að bæta um betur og yrkja sjálfur um efnið.³⁸ Ljóðabálkurinn *The Lovers of Gudrun* varð samstundis mjög vinsæll og sjálfur sagði Morris að hann væri sitt besta verk.³⁹ Sumarið 1871 ferðaðist Morris um Ísland, meðal annars um söguslóðir *Laxdælu*, „the scene of my poem“,⁴⁰ og kom við í Stykkishólmi. Þar dvaldist hann dagana 10. til 12. ágúst, gisti í Norska húsinu hjá Árna Thorlacius og ræddi við hann um íslenskar fornbókmenntir.⁴¹

Heim kominn sendi Morris honum nokkrar bækur, þar á meðal *The Lovers of Gudrun*, sennilega útgáfuna frá 1872.⁴² Þetta kemur fram í bréfi Árna Thorlacius til Eiríks Magnússonar, dagsettu í Stykkishólmi 11. mars 1873, þar sem hann biður hann að skila innilegu þakklæti til Morris „fyrir allar bókasendingarnar og þar á ofan kvæði hans um Guðrúnu Ósvífursdóttur“. Hann afsakar að hann skuli ekki skrifa honum sjálfur og ber við lélegri málakunnáttu: „jeg hefði átt að skrifa honum sjálfur, en jeg vona að hann taki þakklæti mitt eins gilt og vel meint að

Collected Works V, bls. 251–396. Ljóðabálkurinn var einnig gefinn út sérprentaður, sjá William Morris, *The Lovers of Gudrun* (1872). Eintak Landsbókasafns er áritað: „To Sveinn Skúlason. With kind regards and best wishes from William Morris.“ Sveinn Skúlason gaf út *Laxdæla sögu*, Akureyri 1861. Morris heimsótti hann að Staðarbakka í Miðfirði í fyrri Íslandsferð sinni 1871 og saman fóru þeir um slóðir *Grettis sögu*. Sjá William Morris, *Dagbækur úr Íslandsferðum 1871–1873*, bls. 120–22.

38 Um þetta fjallar hann í bréfi til Williams Bell Scott, dagsettu í London 15. febrúar 1870, þar sem hann svarar þakkarbréfi hans fyrir „Guðrúnu“. Sjá William Morris, *The Collected Letters of William Morris* I, bls. 109–10. Það sem Morris finnst helst að sögunni er að hún sé samhengislaus og stundum ruddaleg og einnig sé persónusköpun ábótavant. Hann talar um „coarsenesses both of manners and character that seemed alien to other parts of the characters therein, and wh. I thought I had a right to soften or disregard.“ Einnig er í Guðrúnu of mikið skass fyrir hans smekk: „Gudrun I should say is much more the stock ‘stirring woman’ of the north than I thought fit to make her [...]“

39 Sjá bréf til Charles Eliot Norton, dagsett í London 21. des. 1869. William Morris, *Collected Letters* I, bls. 98.

40 Sjá bréf til Charles Norton, dagsett í London 19. október 1871. *Collected Letters* I, bls. 153.

41 Sjá William Morris, *Dagbækur úr Íslandsferðum 1871–1873*, bls. 139–48.

42 Í formála að þriðja hluta *The Earthly Paradise* segir dóttir Morris, May Morris, að *The Lovers of Gudrun* hafi fyrst komið út sem sérstök bók í Bandaríkjunum árið 1871, rétt áður en Morris fór í fyrri Íslandsferð sína, og hafi hann tekið með sér nokkur eintök til að gefa íslenskum gestgjöfum sínum. Sjá William Morris, *Collected Works* V, bls. xxxiv. Ekki hafa fundist aðrar heimildir um þetta. Morris minnst heldur hvergi á það í dagbókunum sem hann skrifaði í Íslandsferðinni að hann hafi haft með sér þessar bækur.

þú færir honum það mín vegna, eins þó jeg færi að skrifa honum það í bréfi miður laglegu að orðfærinu til.“⁴³

Ljóðabálkur Morris um þau Guðrúnu, Kjartan og Bolla hefur sem sagt verið til í Stykkishólmi þegar Júlíana kemur þangað. Það er mjög sennilegt að hún hafi kunnað eitthvað fyrir sér í ensku þar sem hún var að undirbúa vesturferð og hafi því getað lesið verkið og kynnt sér það. Í verki sínu tekur Morris fyrir alla söguna frá því Guðrún kemur þar fyrst fram og þræðir atburðarásina nokkuð nákvæmlega, þótt hann breyti stundum út af henni og sleppi veigamiklum atriðum, eins og t.a.m. hvötinni sem honum hefur ekki fundist Guðrúnu sæmandi. Það vekur athygli að einn kafliinn í löngum ljóðabálki hans ber nafnið: „The Slaying of Kjartan Ólafsson“, þ.e. Víg Kjartans Ólafssonar.

V

Við samningu „Vígs Kjartans Ólafssonar“ hefur Júlíana haft fyrir sér *Laxdæla sögu* í útgáfu Jóns Þorkelssonar frá 1867.⁴⁴ Leikgerð hennar er ekki aðeins sú fyrsta sem unnin er úr íslenskum fornþekktum og úr prentaðri bók, heldur einnig sú eina sem varðveist hefur í heild úr íslenskum bókmenntum yfirleitt.⁴⁵

Júlíana endursegir ekki söguna, heldur tekur fyrir einn „viðburð“ hennar, þann sem segir frá vígi Kjartans Ólafssonar og aðdraganda þess, en frá þessu er sagt í 48. og 49. kafla sögunnar. Allt er felld burt sem ekki skiptir máli fyrir framvindu leiksins, og er ekkert sagt frá ævi Guðrúnar annað en það sem viðkemur þeim Kjartani og leiðir til vígs hans. Þar

43 Bréf Árna Thorlacius til Eiríks Magnússonar, Lbs 2185 4to.

44 *Laxdæla saga* og *Gunnars þáttur Diðrandabana*. Í formála Jóns Þorkelssonar segir að útgáfan sé prentuð orðrétt eftir fyrstu útgáfu sögunnar í Kaupmannahöfn 1826.

45 Á 19. öld var vinsælt að leika atriði úr fyrstu íslensku skáldsögunum, *Pilti og stúlku* (1850) og *Manni og konu* (1876) eftir Jón Thoroddsen. Flestar eru þessar leikgerðir yngri en leikrit Júlíönu. Þó hefur varðveist þáttur úr *Pilti og stúlku* í handriti frá 1863: „Búrfellsbiðillinn, brot úr frásögn, snúið í leikform af S(veinbirni) sál. Hallgrímssyni.“ Lbs 467 8vo. Steingrímur J. Þorsteinsson telur að þetta sé þáttur úr lengra leikriti sem sýnt hafi verið á Akureyri 1862. Sjá *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans I*, bls. 101-102.

með er ekki sagt að Júlíana lendi ekki í basli með að koma söguþræðinum á framfæri, en það vandamál á hún sameiginlegt með flestum höfundum leikgerða úr skáldsögum. Stundum verkar þetta næsta hjákátlega, t.a.m. þegar Guðrún í miðju sálarstríðinu er að gefa áhorfendum gagnýtar upplýsingar til skilnings á aðstæðum. Það er engu líkara en hún geri sér grein fyrir þessu sjálf, því að þegar hún hefur talið upp ýmsar ávirðingar Kjartans stoppar hún sig af með þessum orðum til áhorfenda: „og margt fleira er ég hefi hér ei áminnst“.

Hugtakið „viðburður“ er komið frá Júlíönu, og tekið upp af Ólafi Thorlacius síðar. Það bendir til vitneskju hennar um byggingu leikrits, en samkvæmt klassískri kenningu fjallar leikrit um atburð, fremur en persónur. Bygging leikritsins er einnig klassísk. Fyrst kemur innangangur, eða kynning aðstæðna, í einræðum Guðrúnar, næst stigmögnun með hvöt hennar, síðan risið með vígi Kjartans, og þá hvörfin, eða hið óvænta augnablik, þegar Kjartan birtist Guðrúnu dauður, og í lokin er allt um garð gengið. Einnig er gætt að hinni klassísku einingu atburða, tíma og rúms. Fyrir utan „viðburðinn“ sem er einn, gerist leikritið á nokkrum klukkutímum og takmarkast við afmarkað svæði. Nærri liggur að tími atburða og tími flutnings falli alveg saman, sérstaklega ef gert er ráð fyrir hléum meðan verið er að skipta um sviðsmynd, en í „Vígi Kjartans Ólafssonar“ hefur þurft að gera það þrisvar.

Þótt leikritið beri nafn Kjartans Ólafssonar fjallar það fyrst og fremst um Guðrúnu Ósvífursdóttur. Bygging þess miðast við hana og fer í hring, endar eins og það byrjar, á sömu sviðsmynd með Guðrúnu einni. Þetta er allt önnur bygging en sjá má í leikritum Ólafs Thorlacius sem er línurétt, þræðir atburðarásina, gerist á löngum tíma og á mörgum stöðum. Þannig endar leikritið um Gunnlaug á vígi hans í Noregi og Helga fagra, sem leikritið byrjar á, gufar alveg upp, reyndar andstætt við söguna sjálfa. Á sama hátt endar leikrit hans um Gísli Súrsson einfaldlega á vígi hans og það líða mörg ár á milli atriða. Þessi hringlaga tími sem sjá má í leikriti Júlíönu er talinn einkenna tíma kvenna og mál skáldskaparins, andstætt línuréttum tíma karla og hinu almenna

tungumáli samfélagsins.⁴⁶ Einræður Guðrúnar sem eiga að sýna hennar innra líf, hugsanir og tilfinningar, einkennast af flæði, óskipulegum setningum, endurtekningum, upphrópunum, andvörpum, stunum, hikum, þögnum og þankastrikum sem sýnd eru með punktalínunum í handritinu. Hún sveiflast úr einu í annað og talar ýmist við áhorfendur eða Kjartan fjarverandi í eins konar þráhyggju þar sem saman blandast aðdáun og ásakanir.⁴⁷ Líkt og konur hetjukvæða myndgerir hún hann sem náttúru í draumsýn og upphöfnu tungumáli. Í einræðunum hleður hún sig upp fyrir hvötina, þar sem hún brýnir bræður sína og Bolla við karlmennsku þeirra, og sýnir þar með vald sitt í tungumáli. Þannig rekur hvötin leikritið áfram og bergmálar í sífelldum áminningum karlanna þar til vígið hefur verið framið. Hvötin er upphátt tal og algjör andstæða einræðnanna, og svo mikil áhersla er lögð á hana í leikritinu að þar er slegið saman tveimur frægum en ólíkum hvötum sögunnar sjálfrar, þeirra Guðrúnar og Þorgerðar Egilsdóttur.

Þannig er mikið um rittengsl við aðra kafla sögunnar og einnig við aðrar Íslendingasögur. Sérstaklega virðist Júlíönu hugstætt orðtakið: Köld eru kvenna ráð, sem kemur fyrir í *Njálu* og *Gísla sögu*, en það er tvisvar haft um Guðrúnu í leikritinu. Svipuð ummæli koma að vísu fyrir í *Laxdælu*, en um Snorra goða persónulega, og ekki sem kyn! Oft er vísað í atburði sem ekki eru nánar ræddir, eins og drauma Guðrúnar og grát hennar á leiði völunnar, sem í leikritinu er skýrður sem grátur yfir Kjartani. Þá er lýsingum á búningum hnikað til. Guðrún er í upphafi í sama búningi og sagan lætur hana vera í þegar Bolli er drepinn. Eins er búningur Kjartans þegar hann fer um Svínadal tekinn úr öðru atriði sögunnar. Aðeins er lýst búningum þeirra tveggja og eru þeir íburðarmiklir. Þennan áhuga á búningum er ekki að sjá í leikritum Ólafs Thorlacius. Í leikritinu um Hallgerði og Bergþóru kemur hann sér beinlínis hjá

46 Um tíma kvenna, sjá Julia Kristeva, „Le temps de femmes“ (1979). Greinin hefur víða birst á ensku, m.a. í *Signs* 1/1981 og *Kristeva Reader* (1986). Sjá einnig grein Helgu Kress, „Í kvöld er ég fimmtug“, *Speglanir*, bls. 372 o.áfr.

47 Þetta er dæmigerð orðræða ástarinnar, þar sem sá ástfangni reynir að særa til sín þann elskaða með tungumáli. Sjá Roland Barthes, *Fragments d'un discours amoureux* (1977), á ensku: *A Lover's Discourse. Fragments*. Einnig grein Helgu Kress, „Dæmd til að hrekjast“, bls. 248-256.

Því að lýsa þeim með því að vísa til sögunnar, en þar segir í kynningu á þeim Gunnari og Hallgerði: „Gunnar kemur inn hægra megin, en Hallgerður vinstra megin. – Þau eru bæði þrúðbúin, sjá Njálu.“⁴⁸ Þá má í leikriti Júlíönu sjá töluverð tengsl við kvenlýsingar í fornaldarsögum og hetjukvæðum *Eddu*, t.a.m. er eldur látinn brenna úr augum Guðrúnar og hún látin hugleiða það að stinga sig í gegn með sverði eins og Brynhildur Buðladóttir.

Í leikritinu eru skörp skil kvennaheims og karlaheims, og því er Guðrún ekki viðstödd við hápunkt þess, vígið sjálft. En það er samt hún sem veldur því og tekst þar með að ná Kjartani til sín, að vísu aðeins sem náfólum draug, gegnum stungnum, blóði drifnum og rústuðum líkama, andstæðu þeirrar glæstu hetju sem hún sá fyrir sér í draumsýn og útmálaði í einræðum sínum. Hvörfin í leikritinu koma á óvart, eiga sér enga fyrirmynd í sögunni, og eru hugarsmíð Júlíönu sem bregður að öðru leyti ekki út af atburðarás sögunnar. Það er tragísk írónía í því, að í leikritinu hittast elskendurnir aldrei í lifandi lífi og það er ekki fyrr en hann er dauður með opið hjartasár að Kjartan játar Guðrúnu ást sína. Hún sér að allt er á misskilningi byggt og harmar hennar verða óbærilegri en nokkru sinni. Leikritið endar á einræðum hennar og því dómsorði sem hún veit að bíður sín.

Í leikritinu er Guðrún látin vera mjög meðvituð um kynferði sitt og takmarkanir sem kona og hvað það varðar gengur leikritið mun lengra en sagan. Heimurinn sem hún lifir í er líka algjör karlaheimur. Hún er eina systirin í hópi fimm bræðra, og eina konan í leikritinu á móti ellefu körlum. Helst vill Guðrún vera sonur, en það list bræðrum hennar ekki á, þar sem hún myndi þá vilja „öllu einn ráða“. Sökum þess að hún er kona sæmir henni ekki að bera vopn, eins og hún sjálf hugleiðir í upphafi verks. Hún grípur því til tungumálsins og þess valds sem í því býr. Og gerist þar með höfundur atburðarásar, bæði í leikriti og sögu.

48 Lbs 1784 4to.

*Heimildir**Óprentaðar heimildir*

- Lbs 467 8vo. Búrfellsbiðillinn, brot úr frásögn, snúið í leikform af S(veinbirni) sál. Hallgrímssyni.
- Lbs 955 8vo. Sagan af Starkaði gamla.
- Lbs 475 4to. Gísli Thorarensen, Bragis Spaadom.
- Lbs 1273 4to. Starkaðar saga gamla.
- Lbs 1784 4to. Bók með kvæðum og leikritum m.h. Ólafs Thorlaciuss í Stykkishólmi.
- Lbs 2185 4to. Bréfasafn Eiríks Magnússonar.
- Þjóðminjasafn Íslands. Gleðilegur afmælisdagur.

Prentaðar heimildir

- Ásgeir Ásgeirsson. *Saga Stykkishólms. II. Miðstöð Vesturlands 1845-1892*. Stykkishólmur: Stykkishólmsbær, 1997.
- Barthes, Roland. *A Lover's Discourse. Fragments*. Þýð. Richard Howard. New York: Hill and Wang, 1978. [Á frummálinu: *Fragments d'un discours amoureux*, 1977]
- Benedikt Gröndal, *Dægradvöl. Æfisaga mín*. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1923.
- Driscoll, Matthew James. *The Unwashed Children of Eve. The Production, Dissemination and Reception of Popular Literature in Post-Reformation Iceland*. Enfield Lock (Middlesex): Hisarlik Press, 1997.
- Guðbjörg Árnadóttir. *Nokkur ljóðmæli*. Reykjavík: [höfundur], 1879.
- Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur. I. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Reykjavík: Iðunn, 1991.
- Guðrún P. Helgadóttir. *Brautryðjandinn. Júlíana Jónsdóttir skáldkona*. Akranes: Hörpuútgáfan, 1997.
- Helga Kress. „Dæmd til að hrekjast. Um ástina, karlveldið og kvenlega sjálfsmynd í Tímaþjófnum eftir Steinunni Sigurðardóttur.“ *Speglanir. Konur í íslenskeri bókmenntahefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 2000. [Greinin birtist fyrst í *Tímariti Máls og menningar* 1/1988].
- Hólmfríður Sharpe. *Sálin hans Jóns míns*. Reykjavík: Sigfús Eymundsson, 1897.
- Indriði Einarsson. *Sjæð og lífað. Endurminningar*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1936.
- Íslensk bókmenntasaga. III. Ritstj. Halldór Guðmundsson*. Reykjavík: Mál og menning, 1996.
- Kristeva, Julia. „Women's Time.“ Þýð. Alice Jardine og Harry Blake. *Signs* 1/1981. Einnig í *Kristeva Reader*. Ritstj. Toril Moi. London: Basil Blackwell, 1986. [Á frummálinu: „Le temps de femmes“, 1979].
- Laxdæla saga og Gunnars þátr þiðrandabana*. Akureyri: Björn Jónsson, 1867.
- Lárus Sigurbjörnsson. „Íslensk leikrit 1645-1946.“ *Árbók Landsbókasafns Íslands* 1945. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1946.

- Lúðvík Kristjánsson. „Stúlka’ og höfundur hennar.“ *Vestræna*. Reykjavík: Sögufélagið, 1981.
- Matthías Jochumsson. „Fríða Sharpe.“ *Kvennablaðið Framsókn* 5/1900.
- Morris, William. *The Collected Letters of William Morris*. I. Ritstj. Norman Kelvin. Princeton: Princeton University Press, 1984.
- Morris, William. *Daðbækur úr Íslandsferðum 1871-1873*. Magnús Árnason þýddi. Reykjavík: Mál og menning, 1975.
- Morris, William. *The Earthly Paradise. A Poem*. III. *Collected Works*. Vol. V. New York: Longman, 1911.
- Morris, William. *The Lovers of Gudrun*. London: Ellis and Green, 1872.
- Páll Melsteð. *Endurminningar Páls Melsteðs ritadar af honum sjálfum*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag, 1912.
- Sagan af Starkaði Stórvirkssyni. Prentuð eftir gömlu handriti. Winnipeg: N. Ottesen, 1911.
- Símon Dalaskáld. *Ríma af Kjartani Ólafssyni*. Reykjavík: Árni Björnsson, 1871.
- „Sjónarleikir.“ *Þjóðólfur* 24. janúar 1878.
- „Sjónleikir.“ *Ísafold* 19. mars 1892.
- „Sjónleikir.“ *Þjóðólfur* 6. febrúar 1878.
- „Sjónleikirnir.“ VIII. *Ísafold* 16. apríl 1892.
- Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. I-III. Samið hefir Páll Eggert Ólason. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1918-1937.
- Stefán Jónsson. „Um leikstarfsemi í Stykkishólmi.“ *Leikhúsmál* 4/1941.
- Steingrímur J. Þorsteinsson. *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans*. I. Reykjavík: Helgafell, 1943.
- Steingrímur J. Þorsteinsson. *Upphaf leikritunar á Íslandi*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1943.
- Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*. Helga Kress valdi efnið og bjó til prentunar. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1997. [Önnur útgáfa 2001].
- Sveinn Einarsson. *Íslensk leiklist*. I. Ræturnar. Reykjavík: Menningarsjóður, 1991.
- Sveinn Einarsson. *Íslensk leiklist*. II. Listin. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1996.
- „Þess verður getið sem gjört er.“ *Þjóðólfur* 25. júní 1879. [Undirritað Leikandi]. Þorvaldur Thoroddsen. *Æfisaga Pjeturs Pjeturssonar dr. theol. biskups yfir Íslandi*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson og Þorvaldur Thoroddsen, 1908.

Víg Kjartans Ólafssonar, 2001

Summary

“Because I Am a Woman”

The Slaying of Kjartan Ólafsson and the Origin of Play-Writing by Icelandic Women

This essay was written as the introduction to the first published edition of Júlíana Jónsdóttir's *Víg Kjartans Ólafssonar* (2001).

Júlíana Jónsdóttir (1838–1917) was not simply the first Icelandic woman to publish a volume of poetry, *Stúlka* (1876, Lass); she was also the first to write a play. Titled *Víg Kjartans Ólafssonar* (The Slaying of Kjartan Ólafsson), it dramatizes events from *Laxdæla saga* and was billed, according to the subtitle, as “a tragedy in one act, composed by Júlíana Jónsdóttir, poetess”. It existed only as a single manuscript at the National Library until it appeared in print in 2001.

The play was performed in Stykkishólmur in the winter of 1878–1879, with Júlíana herself playing the leading role of Guðrún Ósvífrsdóttir. It consists mainly of monologues in which Guðrún describes her feelings and emotional turmoil. She recalls her relationship with Kjartan, whom she, in revenge for her lover's betrayal, has persuaded her brothers to kill. Kjartan makes an appearance only toward the end when he confronts Guðrún as a ghost covered in blood. The play concludes with their reconciliation.

In addition to being the first play known to have been written by a woman, *Víg Kjartans Ólafssonar* is the first Icelandic tragedy, a clear departure from the previous comedies written by Icelandic authors. Moreover, it is the first Icelandic play to use material from Old Icelandic literature as well as the first – and for a long time the only – to put a woman in the leading role. Its author was a woman who rejected the received forms of the male literary tradition and created a new form.